Hraunvallaskóli
VINÁTTA – SAMVINNA – ÁBYRGÐ

Fundargerð skólaráðs Hraunvallaskóla

Dags: 13.02. 2017. Fundur haldinn í fundarherbergi skólans frá kl. 14.00-15.30

Mættir: Lars Jóhann Imsland, Guðrún Sturlaugsdóttir (fjarverandi), Guðbjörg Inga Guðmundsdóttir, Hulda Björk Guðmundsdóttir, Reynir Þór Magnússon (fjarverandi), Jóhanna Inga Hjartardóttir, Björgvin Franz Gíslason (fjarverandi), Unnur Jónsdóttir, Kristín og María Mist.

Dagskrá:

1. **Skóladagatal 2017-18**

   Skóladagatal Hraunvallskóla fyrir skólaárið 2017-18 var lagt fyrir til umsagnar. Engar athugasemdir voru gerðar og var umfjöllum staðfest af skólaráði. Skóladagatalið verður næst lagt fyrir fræðsluráð til samþykktar. Samhliða verður dagatalið sett á heimasíðu skólans þegar dagsetningar frá viðburðum foreldrafélagsins liggja fyrir.

2. **Frá tengiliðafundi Foreldrafélags Hraunvallaskóla**

   Skólaráði hafði borist nokkrar fyrirspurnir sem varða skólastarfið frá foreldrum sem sátu árlegan tengiliðafund félagsins. Voru þær ræddar í þessari röð:

   a. Rætt um fræðslu sem Þorgrímur Þráinsson býður upp á fyrir miðdeild. Skólastjóri ætlaði að athuga hvort að hægt væri að fá Þorgrím með slíka fræðslu í skólann.
   b. Rætt um símareglur í frímínútum og í kennslustundum en eitthvað hefur borið á að nemendur séu í símum í frímínútum í stað þess að leika sama. Búið er að banna síma í frímínútum á yngsta stigi en í kennslustundum ræður kennara alltaf hvort að símar séu leyfðir eður ei og að mati kennara eru símar ekki til vandræða í kennslustundum. Aftur á móti má taka umræðu um síma og tækjanotkun í frímínútum út frá skólabrag og skólamenningu. Áhugavert væri að taka það fyrir á næsta skólaþingi eða fletta inn í næstu Hraunvallaleika.
   c. Nýtt námstmat. Foreldrar kalla eftir kynning á nýju námsmati frá kennurum. Þar sem kennarar eru sjálfir að stíga sín fyrstu skref í þessari vinnu þá telur skólastjóri ekki tímabært að skólinn geti staðið fyrir þessari kynningu og bendir á vef MMS þar sem nálgast má upplýsingar um nýtt námsmat. http://vefir.nams.is/namsmat/index.html

3. **Niðurstöður úttektar MMS á Hraunvallaskóla – Ytra mat.**

   Kynntar voru niðurstöður á ytra mati MMS á Hraunvallaskóla. Skólinn var grænn í öllum yfirflokkum sem þýðir að það eru fleiri styrkleikar en veikleikar í skólastarfinu. Verklag er gott og flestir þættir eru í samræmi við lýsingu á gæðastarfi. Unnið verður markvisst með tækifæri til úrbóta og allar athugasemdir verða teknar til greina í næstu umbótaáætlun. Skýrsla um matið verður aðgengileg á vef MMS þegar hún liggur fyrir.

Fundargerð ritaði Lars Jóhann Imsland